



Framkvæmdaráðsfundur DKG haldinn 2. september 2023 á Center Hotel Plaza, Reykjavík

Mættar eru: stjórn landssambandsins: Árný Elíasdóttir Gammadeild, forseti, Steingerður Kristjánsdóttir Lambdadeild, 1. varaforseti, Málfríður Þórarinsdóttir Alfadeild 2. varaforseti, Rósa Marta Guðnadóttir Epsilondeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri sem situr fundi stjórnar, Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, fráfarandi forseti, Eygló Björnsdóttir Betadeild vefritari og Vilborg Ása Bjarnadóttir lotadeild, ritari var á Teams vegna veðurs. Björg Eiríksdóttir Gammadeild, verðandi gjaldkeri, boðaði forföll.

Frá deildum:, Hrund Logadóttir Alfadeild, Aðalbjörg Bragadóttir Betadeild, Hrefna Sigurjónsdóttir Gammadeild, Halldóra Jónsdóttir Deltadeild, Guðríður Egilsdóttir Epsilondeild, Unnur Óskarsdóttur Zetadeild, Lóa Björk Gestsdóttir Þetadeild, Sigurborg Kristjánsdóttir Lambdadeild, Kristín Irena Valdimarsdóttir Mýdeild og Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild. Hildur Elín Vignir Kappadeild og Ólöf Helga Þór Etadeild boðuðu forföll.

Frá nefndum: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, formaður laga- og uppstillingarnefnda, Soffía Vagnsdóttir Kappadeild, formaður menntamálanefndar, Alma Dís Kristinsdóttir Lambdadeild formaður námstyrkjanefndar, Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild, lögsögumaður og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri Steinunn Guðmundsdóttir lotadeild, formaður Félaga- og útbreiðslunefndar og Guðmunda Vala Ásgeirsdóttir Zetadeild, formaður Samskipta- og útgáfunefndar boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. **Kveikt á kertum**

Árný Elíasdóttir, forseti DKG, bauð konur velkomnar, setti fundinn, kveikti á kertum vináttu, hjálpsemi og trúmensku og kynnti dagskrána.

2. **Markmið samtakanna**

Árný Elíasdóttir forseti las upp markmið samtakanna en þau er að finna á heimasíðu samtakanna.

3. **Orð til umhugsunar:**

Árný Elíasdóttir forseti var með orð til umhugsunar í stað Ólafar Helgu Þór sem forfallaðist. Árný las upp erindi úr Hávamálum og ræddi út frá því umhyggju fyrir öðrum og að DKG gæti hugað enn betur að fjölbreytileika og inngildingunni.

4. Kynning á nýrri stjórn, formönnum deilda og nefnda og embættismönnum

Guðrún Edda Bentsdóttir nefndi að Eygló Björnsdóttir hafi fengið viðurkenningu Evrópuráðs fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

5. Kynning á vef DKG

Eygló Björnsdóttir vefstjóri, ræddi vef félagsins dkg.is og hvaða möguleika hann býður upp á en ýmislegt má finna á honum fyrir formenn sem og aðra í tengslum við deildarstarfið. Vefstjóri hvernar deildar má setja það inn sem hver deild vill láta setja á vefinn. Eygló hvatti formenn til þess að kynna sér það efni sem þar er að finna fyrir formenn. Hvatti einnig formenn til þess að hvetja vefstjóra sína til þess að setja inn á síðu deilda. Hún hvetur félagskonur til að skrá sig á póstlistann til að fá tilkynningu ef það kemur ný frétt. Ræddi hún einnig um lykilorðið inn á síðuna, því hefur ekki verið breytt þar sem það er svo sem ekkert leynilegt þarna inni og það er auðvelt að muna..

6. Starfið í deildum og stjórnun funda

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir formaður laga- og uppstillinganefnda ræddi um starfið í deildum og stjórnun funda. Félagskonur eru kjarninn í starfinu og það er mikilvægt að halda í konur, laða þær að félaginu. Mikilvægt að skoða samsetningu hópsins, hafa góða breidd í deildum, passa fjölbreytileikann. Virkja konur og hvetja til þátttöku. Allar skipta máli. Fundir eru kjarni starfsins, skipuleggja vetrarstarfið og velja tímasetningar og gera fundaáætlun. Gott að velja þema. Mikilvægt að bjóða upp á áhugaverð fundarefni. Mikilvægt að stjórn skipti með sér verkum. Formenn stýra fundum stjórna og deilda. Formenn eru einnig ábyrgir fyrir starfi deildanna m.a. fjármálum og að fundargerðir séu settar á vef. Gott að fundir séu vel skipulagðir, boða þarf til fundar, formaður setur og slítur fundi, ákvarðanir þurfa að koma skýrt fram. Kveikt á kertum, markmið lesin, orð til umhugsunar. Hvetja konur til umræðna og virkrar þátttöku. Formenn stýra umræðum. Formenn bera ákvarðanir eða tillögur upp á fundum, mikilvægt að gæta lýðræðis. Gott að notast við handauppréttingar. Stjórnarfundir skulu vera minnst 4 og félagsfundir minnst 4. Gjaldkeri hefur ekki atkvæðisrétt í stjórn

7. Kynnig á síðu alþjóðasambandsins

Guðrún Edda Bentsdóttir kynnti heimasíðu alþjóðasambandsins dkg.org. og hvatti konur til að nýta sér það fjölbreytta efni sem þar er að finna og einnig að leggja sitt af mörkum með því að leggja til efni á síðuna.

Hádegisverður í boði DKG

8. Framkvæmdaráætlun 2023 – 2025

Árný Elíasdóttir forseti kynnti framkvæmdaáætlun

1. Könnun meðal félaga

- Mikilvægt er að skoða reglulega hug félaga til starfseminnar, þ.e. hvað er gott og hvað má betur fara. Á forsetafundi í Dallas í júní s.l. var niðurstaða verkefnis meðal þátttakenda að slík könnun nýttist samtökunum vel í sífelld breytilegum heimi

2. Samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi

- Í DKG eru mörg tækifæri fyrir konur til þroska og þróunar. Sýnileiki er nauðsynlegur svo laða megi áfram ungar konur að samtökunum og kynna þau enn frekar. Hugmyndir komu upp í stjórninni um að auka mætti samstarf milli deilda, efla og styðja við frumkvæði deilda í þessu skyni til að gera samtökin enn sýnilegri osfrv.
3. Samtökin láti sig menntamál enn meiru varða
- Í DKG konum býr mikill auður. Á árum áður gáfu DKG konur m.a. umsagnir um frumvörp um menntamál. Hlutverk menntamálanefndar er m.a. að fjalla um „verkefni sem snerta fræðslu- og menntamál, þ.m.t. löggjöf á sviði menntamála og gerir tillögur um sameiginleg viðfangsefni.“
 - Nú standa fyrir dyrum miklar breytingar í menntamálum. Eflaust koma DKG konur að þeim málum en ættu samtökin að beita sér enn frekar með því að bjóða fram krafta sína í þágu mennta? Ef svo er þá hvernig?

Félagskonum skipt í hópa til þess að ræða þessi atriði og koma með tillögur um spurningar í könnun meðal félagskvenna.

Í lokin voru konur beðnar um að segja frá því sem hópurnir ræddi um. Hugmyndir sem komu fram voru m.a.

- Styrkja nýjar félagskonur
- Mæla ánægju félagskvenna
- Hvernig eigi að velja konur inn í deildir
- Hvað er jákvætt og hvað mætti betur fara
- Hvað er hægt að gera til að gera okkur sýnilegri?
- Á hvaða hátt geta félagskonur haft áhrif á menntamál í landinu?
- Tímasetning funda
- Hvað er gott, áhugavert
- Hversu marga fundi eigi að halda yfir veturinn
- Vefur hvernar deildar “up to date”
- Upplýsingar um þekkingu hvernar konu (þekkingarforðinn)
- Besti tími fyrir þing og ráðstefnur.
- Hvað skuli rætt á fundum
- Nýtingu á heimasíðu DKG
- Meira samstarf milli deilda, rafrænt
-

Fleiri hugmyndir komu fram og fékk Árný forseti upplýsingar frá hverjum hóp sem stjórnin vinnur síðan úr.

Þessi þrjú atriði framkvæmdaráætlunar stjórnar voru lögð fram til samþykktar:

1. Könnun meðal félaga – samþykkt samhljóða
2. Samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi – samþykkt samhljóða
3. Samtökin láti sig menntamál enn meiru varða og menntamálanefnd hafi forystu um hvernig að því verður staðið – samþykkt samhljóða

9. Fjárhagsáætlun

Kristín Helgadóttir gjaldkeri DKG, fór vel yfir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og var hún samþykkt einróma.

Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 15:00

Eftir fund var boðið upp á fyrirlestur í gegnum fjarfundarbúnað frá Shar McGowen Kanada, Like Tulips in the snow. Fyrirlesturinn fjallaði um andlega heilsu kvenna.

Fundargerð ritaði Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari.